

77. Fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn miðvikudaginn 24. apríl 2013, kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt eru: Steinunn Leósdóttir, Ævar Rafn Marinósson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Indriði Þóroddsson, Reimar Sigurjónsson, Gunnólfur Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Varaoddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar nr.76

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð fræðslunefndar dags. 19.04.2013 ásamt reglum um inntöku barna í leikskóla Langanesbyggðar og reglum um niðurgreiðslur daggjalda vegna dagvistunar á einkaheimilum.

Í lið eitt í fundargerðinni leggur fræðslunefnd til að framlagðar reglur um inntöku barna í leikskóla Langanesbyggðar verði samþykktar. Sveitarstjórn samþykkir reglurnar samhljóða með fyrirvara um að sett verið inn í lið 3 varðandi aldur barna við inntöku í leikskóla.

Í lið tvö leggur fræðslunefndin til að reglur um niðurgreiðslu daggjalda vegna dagvistunar á einkaheimilum verði samþykktar. Áætlaður kostnaður 2 milljónir miðað við niðurgreiðslu vegna 10 barna og verða þeir peningar teknir af hagnaði ársins. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt samhljóða

3. Skýrsla sveitarstjóra.

- Sveitarstjóri hefur fundað með forstöðumönnum áhaldahússins, hafnarinnar, Barnarbóls, Grunnskólans á Þórshöfn, Grunnskólans á Bakkafirði, íþróttahússins, Nausts og slökkviliðs. Aðrir fundir hafa verið t.d. opinn fundur um landbúnaðarmál, fundir vegna kosningar með formanni yfirkjörnefndar, formanni hafnarnefndar um hafnarframkvæmdir og aðrir tilfallandi fundir.
- Sveitarstjóri er búinn að fara 1 ferð á Bakkafjörð síðan á síðasta sveitarstjórnarfundi.
- Sveitarstjóri var gestur á flugslysaæfingunni sem fram fór þann 20. apríl sl. Æfingin tókst vel.
- Heimasíða Langanesbyggðar verður opnuð í vikunni. Heilmikil vinna þar á bakvið og ákveðið að setja síðuna í loftið þó svo að hún sé ekki alveg fullbúin.
- Sveitarstjóri sagði frá því að hann fengið kostnaðaráætlun vegna loftræsti kerfis í Grunnskólann á Þórshöfn að upphæð 10.730 þús. fyrir utan vsk.
- Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir áhyggjum sínum yfir því hversu héraðsvegir í Langanesbyggð eru orðnir illa farnir enda hefur viðhald verið lítið sem ekkert síðustu ár. Nauðsynlegt er að koma þessu í betra horf þar sem þessir vegir eru illkeyranlegir og eru orðnir varasamir fyrir íbúa sem keyra þá daglega og fyrir ferðafólk sem fer um svæðið. Sveitarstjórn Langanesbyggðar hvetur innanríkisráðherra til að taka málið til alvarlegrar skoðunar. Samþykkt samhljóða.
Sveitarstjóra falið að koma ályktuninni áfram.
- Þann 18. apríl sl lauk vinnu við verkefnið "Heimabyggðin mín" sem hefur staðið yfir frá áramótum. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri voru viðstödd verkefnakynninguna. Alls voru þetta 5 hópar sem kynntu verkefnin sín og stóðu krakkarnir sig mjög vel.
- Nokkur umræða var um hátt matvöruverð á Þórshöfn og sveitarstjóra falið að skoða málið.

- Spurt út í refa- og minkaveiðina. Málin rædd. Ákveðið að boða fljótlega fund með refa og minkaveiðimönnum og vinna málið áfram í samstarfi við landbúnaðarnefnd.
 - Varðandi viðhald á íbúðunum í Miðholti. Ýmisslegt sem hefur komið upp sem þarf að laga. Verið að vinna í þjónustusamningi vegna viðhaldsvinnu. Viðhald er á kostnað eiganda.
 - Bygging nýs leikskóla. Komin drög að teikningu. Stefnt að því að funda með undirbúningshópnum í þar næstu viku og fá þá arkitektinn til að koma á fundinn.
 - Spurt út í fyrirhugaðar þakviðgerðir. Viðhald á byggingum rætt. Sveitarstjóri fór yfir málið.
4. **Bréf frá Umhverfis-og Auðlindaráðuneytinu dags.05.04.2013**
Lagt fram til kynningar.
 5. **Bréf frá Atvinnuvega-og Nýsköpunarráðuneytinu.dags.16.04.2013**
Í bréfinu er verið að tilkynna að Langanesbyggð hafi fengið kr. 8.250.000 í styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna verkefnisins Skoruvíkurbjarg-bætt aðgengi að Stóra-Karli. Lagt fram til kynningar.
 6. **Bréf frá nemendum Grunnskólans á Þórshöfn dags. 18.04.2013**
Bréfinu vísað til umhverfis- og skipulagsnefndar. Samþykkt samhljóða
 7. **Bréf frá veðurstofu Íslands dags. 11.04.2013**
Í bréfinu lýsir Veðurstofan Íslands sig reiðubúinn að ganga til samninga við Langanesbyggð og Isavía um rekstur sjálfvirkar veðurstöðvar á Þórshöfn. Sveitarstjóri sagði frá því að málið væri í skoðun.
 8. **Bréf frá Innanríkisráðuneytinu dags.12.04.2013**
Í bréfinu er verið að tilkynna það að búið sé að tryggja flugið Akureyri,Vopnafjörður og Þórshöfn um eitt ár enn, eða fram til ársloka 2014. Sveitarstjórn fagnar þessari framlengingu en vill samt ítreka að nauðsynlegt er að tryggja flugið til langs tíma.
 9. **Bréf frá Umhverfis-og Auðlindaráðuneytinu dags.15.04.2013**
Lagt fram til kynningar.
 10. **Verkefnaáætlun fyrir Hallgilsstaði.**
Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið 18:42